

Félagslög

CISV á Íslandi - Alþjóðlegar sumarþúðir barna

1. grein

Nafn félagsins er Alþjóðlegar sumarþúðir barna (CISV á Íslandi). Félagið er deild innan CISV-samtakanna (Children's International Summer Villages). Innan félagsins starfar unglingsdeild, JB Ísland (hjáheiti SÚFÍ), sem hefur eigin lög og lýtur eigin stjórn.

2. grein

Markmið félagsins er að vera virkur þátttakandi í starfi CISV-samtakanna, vinna að markmiði þeirra og efla þeirra gildi.

3. grein

Félagið vinnur að þessu markmiði sínu með því að bjóða börnum þátttöku í sumarþúðum, ásamt því að standa fyrir viðburðum sem efla gildi CISV.

4. grein

Allir sem vilja vinna að markmiði félagsins, sbr. 2. grein geta orðið félagar CISV á Íslandi. Þeir sem taka þátt í sumarþúðum, unglingskiptum eða annarri starfsemi félagsins verða sjálfkrafa félagar nema þeir óski eftir að eiga ekki aðild að félaginu.

5. grein

Í stjórn félagsins skal kjósa 4 manna stjórn. Auk þess er formaður JB Ísland með fast sæti í stjórninni. Hver stjórnarmaður skal kosinn til tveggja ára í senn skal því kjósa 2 stjórnarmenn á aðalfundi hvert ár. Að loknum aðalfundi skiptir stjórnin með sér verkum á þann veg að valinn er formaður, ritari, gjaldkeri og 1 meðstjórnandi. Formaður boðar til stjórnarfundar. Stjórnin er ályktunarhæf ef meirihluti hennar situr fund. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða en að jöfnu atkvæði formanns. Skylt er að halda stjórnarfund ef tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórn getur kallað nýtt fólk til samstarfs ef kjörnir fulltrúar hætta á tímabilinu, þó skal boða til aðalfundar ef 3 eða fleiri stjórnarmenn hætta.

6. grein

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórn er heimilt að standa skipun nefnda um ákveðin málefni er varða félagið. Slíkar nefndir heyra beint undir stjórn félagsins og skila greinargerðum til hennar. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

7. grein

Aðalfundur skal haldinn í október ár hvert. Til hans skal boða með sannanlegum hætti með minnst 10 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa þeir félagar einir sem eru skuldlausir við félagið. Aðalfundur getur tekið ákvörðun um heiðursfélaga, sem verður þá ævifélagi.

Á dagskrá aðalfundar skulu eftirfarandi atriði vera:

1. Formaður, eða staðgengill formanns, setur fund.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar CISV á Íslandi og JB Ísland lagðar fram og ræddar
4. Ársreikningur CISV á Íslandi og JB Ísland lagðir fram.
5. Atkvæðagreiðsla um ársreikning.
6. Umræða og - tillögur stjórnar CISV á Íslandi um starfsemi á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun,
7. Lagabreytingar.
8. Kosning til stjórnar CISV á Íslandi
9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings.
10. Önnur mál

8. grein

Reikningsár félagsins og JB Ísland er frá 1. október til 30. september.

9. grein

Starf félagsins er fjármagnað með gjaldi vegna þátttöku barna í sumarbúðum ásamt framlagi CISV-samtakanna.

10. grein

Tillögur um lagabreytingar skal bera fram á aðalfundi og ná því aðeins samþykki að 2/3 hlutar fundarmanna greiði þeim atkvæði.

11. grein

Stjórn félagsins boðar auk þess til félagsfunda þegar tilefni er til og/eða þegar 3 stjórnarmenn eða 6 félagsmenn óska þess. Slíkir félagsfundir geta tekið ákvarðanir um öll málefni er varða félagið. Halda skal fundargerðir um alla félags- og stjórnarfundi.

12. grein

Hætti félagið starfsemi skal þeim fjármunum sem eftir standa ráðstafað til góðgerðarsamtaka sem starfa í anda markmiða félagsins samkvæmt ákvörðun þeirrar stjórnar sem síðast er starfandi.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi þann [9.12.] 2019

Maria Helga Eidsdóttir

Bryndis Brynjarsdóttir
Hrafni Hauvardsson
Ólafur Ólafsson Davíðsson